

**Sp. 106. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]**

um sjónvarp á vegum einkaaðila — vídeó.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Finnur Torfi Stefánsson, Magnús H. Magnússon,  
Sighvatur Björgvinsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að skipa nefnd fulltrúa þingflokka um sjónvarp á vegum einkaaðila — vídeó — sem hafi að markmiði að breyta útvarpslögum þannig að a) ótvírátt sé heimilt að senda sjónvarpsefni eftir lokuðum rásum gegn greiðslu og b) að tryggt sé að sanngjarnar greiðslur komi til eigenda höfundarréttar.

**Greinargerð.**

Á undanförunum misserum hefur átt sér stað bylting í íslenskri fjölmiðlum vegna tilkomu hinna nýju sjónvarpskerfa sem einstaklingar setja á stofn og reka fyrir borgarhverfi, bæjarfélög eða smærri einingar. Þessi þróun er orðin staðreynd mjög víða um landið. Um það má hins vegar deila, hvort hér er um lögbrot að ræða, hvort hér er verið að brjóta lög um einkarétt Ríkisútvarpsins. Þróunin er engu að síður staðreynd.

Þessi þróun hefur nokkurn vanda í för með sér og þá fyrst og fremst hættu á því, að efni sé tekið traustataki og það sýnt án þess réttir eigendur þess fái þá þóknun sem þeim ber. Því virðist brýnt að löggjafinn taki hið fyrsta afstöðu til þessarar þróunar, þó ekki væri til annars en að tryggja höfundum réttmætar eigur sínar.

Það er álit flutningsmanna að þessi þróun sé af hinu góða, hún verði ekki stöðvuð, enda sé engin ástæða til þess. Einkaréttur sjónvarpsins er í raun úr sögunni. Hins vegar er brýnt að um þetta gildi reglur sem tryggi höfundum réttindi sín, tryggi neytendum vandaða þjónustu o. s. frv.

Framtíðin verður væntanlega sú, að hið nýja sjónvarp verður rekið af einstaklingum í litlum einingum. Fólk verður áskrifendur að slíkum stöðvum, eins og það nú er áskrifendur að blöðum og tímaritum, getur valið og hafnað.

Þessi þróun er staðreynd og það væri hrein fásinna af löggjafanum að reyna að snúa henni við eða spyrna gegn henni. Miklu mikilvægara er að sem allra fyrst verði sett skynsamleg og frjálsslynd lög, þar sem þessi þróun er viðurkennd sem staðreynd, en um leið gætt fyllsta réttar þeirra sem hlut eiga að máli.

Æskilegast væri að Alþingi afgreiddi slík lög þegar á þessum vetri, en að öðrum kosti í upphafi 105. löggjafarþings.